

**Sp.**

**358. Tillaga til þingsályktunar**

[183. mál]

um að ríkið sé virkur aðili að kjarasamningum vinnumarkaðarins.

Flm.: Gunnar Sveinsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að undirbúa í samráði við aðila vinnumarkaðarins frumvarp til laga er felir í sér að ríkisstjórnir séu á hverjum tíma virkur aðili að heildarkjarasamningi um kaup og kjör í landinu, ásamt aðilum vinnumarkaðarins.

**Greinargerð.**

Öllum hugsandi mönnum hlýtur að vera það mikið áhyggjuefni, hvernig verðbólgan hefur tröllriðið íslensku þjóðfélagi í mörg ár, þó sjaldan hafi verið eins og nú. Til þessa ástands eru margar samverkandi orsakir, svo sem stjórn peningamála og fjárfestingarmála, út- og innflutningsverslunar, ásamt kaupgjalds- og verðlagsmálum, sem eru líklega stærsta atriðið af þeim sem hér hafa verið upp talin.

Sú þingsályktunartillaga, sem hér er flutt, felur í sér að ríkisvaldið gerist beinn þátttakandi í gerð kjarasamninga og taki þannig fulla ábyrgð á framkvæmd þeirra á svipaðan hátt og um eigin starfsmenn væri að ræða.

Nokkrar tillögur hafa komið fram á þessu þingi er snerta kjör hins almenna launþega, fluttar af þingmönnum Alþýðubandalagsins, svo sem tillaga um hámarks-laun og tillaga um að ríkið semji beint við Stéttarsamband bænda. Tillaga um það mál er einnig væntanleg frá ríkisstjórninni.

Áður hefur Alþingi nokkrum sinnum sett lög er snerta kjör launþega í landinu. Er þar skemmst að minnast laga sem vinstri stjórnin setti 1971 um styttingu vinnuvikunnar og lengingu orlofs.

Umræður um, að bændur semji beint við ríkisstjórnina, hafa farið fram nokkur ár. Um það mál hefur verið nokkuð góð samstaða meðal bænda, en deilur um framkvæmd hafa verið miklar og hindrað framgang málsins. Nú virðist samstaða hafa náðst um málið, og á þessu þingi mun ríkisstjórnin bera fram frumvarp er felur í sér að bændur semji beint við ríkisstjórnina um kaup og kjör, og er ekki að efa að það verður samþykkt.

Nýlega hafa verið gerðir samningar við opinbera starfsmenn um kaup og kjör og þeir fengið takmarkaðan verkfallsrétt. Ríkið semur þar við 14% launþega í landinu í flestöllum stéttum þjóðfélagsins.

Fiskverð er ákveðið í flestum tilfellum af yfirnefnd þar sem ríkið skipar oddamann. Má því með nokkrum sanni segja að þar sé ríkið viðsemjandi á svipaðan hátt og hjá bændum.

Það er því augljóst, að nú þegar semur stór hluti af launafólki í landinu beint við ríkisvaldið, og ef við lítum til samningagerða undanfarinna ára er um óbeina samningagerð að ræða gagnvart miklu fleiri aðilum. Eins og flestum mun kunnugt hefur verið stillt upp tveim stórum samninganefndum frá aðilum vinnumarkaðarins til samningsgerða með ærnum tilkostnaði. Þó hafa þessar samninganefndir raunverulega verið getu- og úrræðalausar til samninga. Atvinnurekendur hafa vitað í flestum tilfellum að þeim var um megn að greiða það kaup, er um var verið að semja, en hafa í trausti þess, að ríkisvaldið gripi í taumana með aðstoð, samið langt umfram það sem þeir gátu staðið við, með auðsæjum verðbólguáhrifum.

Með almennri þátttöku ríkisvaldsins í samningagerð og raunhæfum áhrifum þess mundi vinnast m. a. samræming launataxta, sem er mjög stórt atriði í allri samningsgerð. En eins og flestum er kunnugt ríkir mikið ósamræmi milli samninga ríkisvaldsins og atvinnurekenda og milli þeirra síðarnefndu innbyrðis. Má nefna í því sambandi að eftir heildarsamninga ASÍ við atvinnurekendur á s. l. ári komu samningar ríkisins við opinbera starfsmenn. Var þar miðað við að leiðrétting

fengist á kjörum þeirra til samræmis við þá er áður voru búnir að semja. En þegar upp var staðið voru samningar opinberra starfsmanna mun hagstæðari en hinir fyrrnefndu, fyrir utan ýmis friðindi sem opinberir starfsmenn hafa. Þetta skapar nú þegar ósamræmi sem hægt hefði verið að komast hjá. Staðreynd er að þjónusta og umsvif ríkisins eru orðin það mikil hér á landi, að segja má að launaskrá ríkisins spanni flesta þætti þjóðlífsins. Það er því ekki stór vandi fyrir ríkisvaldið að finna flestum starfsmönnum stað í sinni launaskrá, en með því mundi skapast heildarsamræming á öllum launum í landinu, þó að því tilskildu að gott samstarf og samvinna tækist með ríkisvaldinu og launþegasamtökum og öðrum aðilum vinnumarkaðarins.

Annar kostur við að ríkið sé virkur aðili að heildarsamningum eru skarpari mörk en nú eru um hvað er verið að semja og við hverja er verið að semja.

Í mörgum undanförunum samningum milli aðila vinnumarkaðarins hafa þessi mörk ekki komið nógu skýrt fram. Forusta launþegasamtakanna hefur túlkað viðsemjendur sína sem hina raunverulegu viðsemjendur er sætu yfir fjármagni, að þeir gætu auðveldlega greitt herra kaup, ekki aðeins í krónum, heldur hærri rauntekjum. Hækkað kaup hefði því ekki áhrif til hækkunar verðlags og þar með verðbólguaukningu.

Raunveruleikinn er allt annar. Atvinnurekendur hafa ekki getað samið án þess að sú kauphækkun færi út í verðlagið. Þeir hafa því samið upp á fyrirgreiðslu ríkisvaldsins með gengisfellingu eða hækkaða skatta í huga. Afleiðingin hefur verið aukin verðbólga, en raunverulegar kjarabætur sáralitlar.

Atvinnurekendur hafa raunverulega gefist upp á að hamla gegn kauphækkunum. Það er óvinsælt í landi kunningsskaparins, og af fyrri reynslu vita þeir að ríkisvaldið lagar stöðuna ef illa gengur, því atvinnurekstrinum verður að halda áfram hvað sem öllu öðru liður.

Því er nauðsynlegt að ríkisvaldið sé virkur aðili að samningsgerðinni og segi viðsemjendum hvað viðkomandi samningsgerð hafi í för með sér. Með núverandi hagstjórnartækjum ætti slíkt ekki að vera erfitt. Fela þyrfti það sérstakri stofnun er gæfi upplýsingar um hvað er raunverulega hægt að borga við viðkomandi aðstæður, hvar verðbólgan kemur inn í dæmið, hvar raunveruleg takmörk eru. Þessum upplýsingum ætti að koma í fjölmiðla á viðtækan hátt, þar sem gerð væri grein fyrir afleiðingum ef yfir mörkin væri farið. Launþegasamtökin gætu einnig reiknað út þetta dæmi. Í það dæmi kæmu eðlilega margir liðir: markaðsverð, inn- og útflutningsframleiðsla, stjórn peningamála, fjárfesting opinberra aðila og einstaklinga, afborganir, skuldir o. s. frv. Launþegasamtökin geta síðan valið og hafnað.

Það, sem gerir stærsta muninn frá því sem nú er, er það, að þarna er verið að fást við allt dæmið. Það er verið að skipta allri kökunni í einu á vegum samfélagsins.

Kaupgjaldsbaráttan inn í kjörklefann. — Í mörgum kosningum undanfarinna ára hefur þessi setning hljómað hjá ýmsum flokkum. Með þeirri breytingu, sem hér er rætt um, yrði þetta að raunveruleika. Beint samband skapaðist milli raunverulegs kaupgjalds og kaupmáttar og viðkomandi ríkisstjórnar í landinu. Sá afsökunar- aðili, er atvinnurekendur hafa verið fyrir lélegum kaupmætti launa og vixlgengi kaupgjalds og verðlags, væri horfinn þar sem hér væri aðeins um einn aðila að ræða, sem gæti stjórnað, og hann gæti samið í samráði við alla aðila vinnumarkaðarins í einu, ásamt bændum og sjómönnum.

Með þessum breytingum tengdist saman raunverulegt vald og ábyrgð. Sú ríkisstjórn, er á hverjum tíma sæti, fengi sinn dóm um, hvernig afkoma heimilanna hefði verið undir hennar stjórn, á miklu skýrari hátt en nú er.

Ef sú staða kemur upp að ekki semst milli ríkisins, aðila vinnumarkaðarins og sjómanna og bænda innan þess ramma er viðkomandi stofnun ríkisins teldi eðlilegt, hefði viðkomandi ríkisstjórn ávallt þann valkost að leggja málið undir dóm þjóðarinnar í almennum kosningum og hlíta þeim úrskurði.